

Nd.

## 241. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
  - h) að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæða þykir til.
2. Síðari málsgr. 5. gr. orðist þannig:

Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.
3. 7. gr. orðist þannig:

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.
4. 8. gr. orðist þannig:

Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.
5. Við 9. gr. bætist: eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.
6. Við 10. gr. bætist: stéttarféлага við stjórn Landhelgisgæzlunnar.
7. 12. gr. orðist þannig:

Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum  $\frac{1}{4}$  — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgisjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.
8. 13. gr. orðist þannig:

Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.
9. 14. gr. orðist þannig:

Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun sjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftár ef þörf þykir.
10. Við 15. gr.
  - a. Á eftir orðunum „eða annarra þarfa“ í fyrri málsgr. komi: sbr. 1. gr.
  - b. Síðari málsgr. falli niður.
11. 16. gr. orðist þannig:

Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.